

Betri hverfi – Íbúafundur með borgarstjóra

Fundur með íbúum í **Laugarneshverfi**, í Laugalækjarskóla, mánudaginn 14.1.2012

Fundarstjóri: Hulda Steingrimsdóttir, Alta

Fundarritari: Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Alta

Hulda setur fundinn 17:15 og segir frá tilgangi og uppbyggingu hans.

Borgarstjóri, 17:17 – 17:30:

- Kynnir sviðsstjórana / skrifstofustjórana
 - Steinþór Einarsson - íþróttamál
 - Ragnar Þorsteinsson - skólamál
 - Stella Víðisdóttir - velferðarmál
 - Ellý Katrín borgarritari
 - Ólöf Örvardóttir – umhverfis- og skipulagsmál
 - Berglind Ólafsdóttir – ferða- og menningarmál
- Lýsir yfir ánægju með mætinguna
- Hverfapottar – skipting fjármagns milli hverfa
- Kosning um verkefni undir hatti Betri hverfa
- Fer yfir „tölur hverfisins“, verkefni í hverfinu á síðasta ári og framundan
- Áherslur úr nýja aðalskipulaginu fyrir hverfið. Öll þjónusta innan hverfa. Matvörubúð. Skósmiður. Vörður staðinn um grænu svæðin í hverfinu. Uppbygging við norðanverða Suðurlandsbraut sem verður breiðgata. Sundabraut ekki á döfinni.
- Hverfapottarnir
 - Fyrirkomulagið í fyrra.
 - Kjörsókn 8.1%. Bindandi kosning.
 - Verkefni sem voru kosin í Laugarneshverfi og komu til framkvæmda.
- Nú kallað aftur eftir hugmyndum og kosið um þær. Sama upphæð = 300 milljónir til hverfapotta í öllum hverfum borgarinnar.
- Trúi því að beint lýðræði sé framtíðin. Íbúum gefst færi á að hafa áhrif á nærumhverfi sitt.
- Mikilvægt að sem flestir taki þátt í verkefninu og sýni frumkvæði og ábyrgð í sínu hverfi. Íbúar þekkja sín hverfi best.
- Viljum bæta samráðsferlið.
- (Sjá erindi borgarstjóra í viðhengi.)

Fyrirspurnir

1. Karlmaður spyr borgarstjóra: Rangar merkingar á stoppistöðvum strætó á Suðurlandsbraut, sbr. fjölskyldu- og húsdýragarðurinn er 500 m frá næstu stoppistöð sem er mun nær. Slæmt fyrir skólabörn sem ganga frá garðinum að strætó – lenda utan göngustíga og inni á ófrágengnu svæði. Hefur talað við Strætó og borgarfulltrúa en ekkert verið gert.
 - Jón Gnarr: Hef ekki heyrt um þetta áður. Strætó er rekinn í samvinnu við hin sveitarfélögin. Er með eigin stjórn. Tek við ábendingunni og kem henni á framfæri við rétta aðila. Biðst afsökunar að ábendingu hafi ekki verið svarað.

2. Ragna Sverrisdóttir spyr: Mandela torg hefur verið rætt. Set fram tillögu um að það verði við verslunarmiðstöðina Hrístateig m.a. með tilvísun í friðarsúluna sem „er í hverfinu“.
 - Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs: Fín hugmynd. Hefur verið horft á Vitatorg sem hugsanlegan stað fyrir Mandelatorg sem arkitektanemar frá Osló vilja hanna í samstarfi við reykvísk skipulagsyfirvöld. Er verið að rýna. Kem ábendingunni áleiðis.
3. Eva sem starfar með eldri borgurum, sem margir hafa ekki bíl: Lágvöruverslun vantar í hverfið. Fólk sem á erfitt með að komast til og frá þarf að versla í dýrustu búðunum. Þetta eru aðstæður sem brenna á mörgum.
 - Ólöf Örvarsdóttir: Markmið í aðalskipulagi um „kaupmanninn á horninu“. Það sem helst er hægt að gera er að heimila ekki lágvöruverslanir á jaðri / utan hverfa. Reynum að beita þeim tækjum sem við höfum.
4. Sjöfn Ingólfsdóttir, Langholtsvegi: Spyr um Menntaskólann við Sund. Hvar stendur viðbygging við skólann? Hef heyrt að draga eigi úr neðanjarðarbílastæðum, er það rétt? Hvenær standa framkvæmdir til?
 - Ólöf Örvarsdóttir: Rétt að fram hafa komið hugmyndir um að sleppa bílastæðum neðanjarðar en þó það verði gert mun stæðum ofanjarðar ekki verða fjölgað. Stefna að gjaldskyldu verði komið á við alla menntaskóla. Íbúar fá íbúakort. Viljum ekki fjölga bílastæðum í borginni. Ekki stefna að skaffa nemum stæði í bílastæðahúsi. Mikil keyrsla á verkefninu. Á eftir að breyta deiliskipulagi. Gæti farið af stað í haust.
5. Sesselja Traustadóttir, Laugarnesvegi: Umferðarmál. Margir bílar koma í hverfið. Annt um græna svæðið. Af hverju þarf svona stórt bílastæði í Laugardalnum? Af hverju að hvetja fólk til að koma á bíl? Ábyrga umferðarstjórn í hverfinu. Nota einstefnugötur? Setja tré í stað bílastæða. Skuldum umhverfinu það að draga úr umferð.
 - Ólöf Örvarsdóttir: Markmið að fækka bílastæðum almennt í Reykjavík. Í samræmi við hverfisskipulag sem er framundan. Þá verða svona svæði skoðuð með íbúunum. Viljum frekar hverfa frá einstefnugötum en hafa frekar götur þar sem hægt er á umferð. Einstefna skapar stundum skakkt umferðarflæði. Sumar götur fá þá á sig þyngri umferð en til stóð.
 - Jón Gnarr: Höfum sett upp hraðahindranir í hverfinu til að draga úr umferðarhraða. Mín skoðun er sú að umferðin og samgöngur í Reykjavík séu eitt stærsta vandamál Reykjavíkur. Koma við allt okkar líf. Þær snerta það hvernig okkur gengur að nýta ýmsa þjónustu. Skipulagið miðar að miklu leyti við að maður sé á bíl. Samanber ef maður vill flokka sorp þá þarf maður bíl til að koma því af sér. Vilji okkar er að breyta þessu; efla almenningssamgöngur, blanda saman umferðarmátum. Er að þokast í rétta átt en krefst mikillar hugarfarsbreytingar. Þarf að vinnast saman milli borgarinnar og íbúa. Fólk spyr af hverju strætó gengur ekki lengur fram á kvöldin en það hangir saman við hve margir nýta sér strætó.
6. Eymundur, stjórn Þróttar: Bílastæðin í Laugardalnum eru mjög mikilvæg og reglulega mjög full. Við endurbætur á félagsheimili Þróttar var bílastæðum fækkað. Ef eitthvað er um að vera þar og í Laugardalshöll eru stæði yfirfull. Vallarstarfsmenn þurfa að taka á sig stóran krók eins og staðan er í dag. Á að koma tenging á milli þessara bílastæðasvæða? Er vitund um aðstöðuleysi fyrir innviðkun? Eru plön um að byggja við þessa skóla?
 - Steinpór Einarsson frá ÍTR svarar: Varðandi Laugardalshöll er ákveðinn samningur í gangi hvað mikið má nota undir viðburði.

- Vantar aðstöðu víða í hverfum. Horfa til að ef Framarar flytja verður til rými en hefur ekki verið ákveðið. Liggur ekki fyrir að byggð verði ný íþróttamannvirki eða hús.
 - Bílastæðin: Þróttarar með í breytingum.
 - Ámundi Brynjólfsson frá mannvirkjaskrifstofu Umhverfis- og skipulagssviði svarar: Tengingin er til staðar á skipulagi en hún gæti skapað annað mál.
7. Ástand á ruslafötum; botninn farinn úr. Er hægt að fjölga tæmingum?
- Ólöf Örvarsdóttir: Góð ábending. Kem henni áfram.
 - Jón Gnarr: Ástæðan fyrir því að botninn vantar í föturnar er að fólk sparkar í botn þeirra. Við höfum skoðað nýjar tegundir af fötum/stömpum, þ.m.t. þrískipta ruslastampa sem hægt er að flokka sorp í. Erum meðvituð um vandamálið og reynum að bregðast við þegar tilkynningar berast um stampa. [Hægt er að setja inn ábendingar um ruslastampa á ábendingavefinn Borgarlandið – fyrir þínar ábendingar]
8. Jóna Ingibjörg Guðmundsdóttir, Sóltúni: Ófremdarástand þar vegna gömlu Bjarnarbyggingarinnar. Byggingin er hrein hörmung. Í fyrrasumar komu piltar frá borginni og máluðu brúna fleti en það var ekki til bóta. Búið að graffa. Hvernig standa málin?
- Ólöf Örvarsdóttir: Borgartún 28 er ekki borgarlóð. Hefur verið ósætti milli lóðarhafa. Byggingarfulltrúi getur beitt dagssektum en veit ekki hvort slíku úrræði hefur verið beitt þarna. Nótera hjá mér og spyr byggingarfulltrúa.
9. Brynjólfur, Rauðalæk: Götunni var lokað með steinkumböldum. Skapar vandamál. Við sem búum austan megin við múrinn þurfum alltaf upp Rauðalækinn. Fólk þarf að draga verulega úr ferð. Borgin hefur ekki svarað. Umferðin eykst um aðrar götur í nágrenninu. Við viljum fara aðra leið í þessu og höfum bent á aðrar lausnir. Hægt að setja grasker með blómum – það væri fallegra.
- Ólöf Örvarsdóttir: Hefur ekki verið gert með nógu fallegum hætti. Mun beita sér fyrir því að verði fundað með íbúum. Hægt að hægja á hraðanum með öðrum hætti en svona.

Fólk segir frá hugmyndum sem hafa verið rædd á þeirra borði:

- Mannlífstorg á Hrístateig.
- Lauganestanginn: Gera hann útivistarvænni. Bekkir, grill, útsýnisskífa. Kannski Mandelatorg
- Upphitaðir göngustígar í Laugardalnum og nágrenni. Margir markhópar nýta svæðið og mikilvægt svæði fyrir alla borgarbúa.
- Opið svæði meðfram Suðurlandsbraut - nýta sem golfæingasvæði, golfkennslusvæði. Alls ekki hús á þetta svæði.
- Gamla fólkið þarf að komast í Laugardalinn. Gangstígur vestan við farfuglaheimilið er í ólagi: hellulögnin er orðin svo slæm að fólk veigrar sér við að fara þarna um, jafnvel í björtu og þurru. Þyrfti að laga stíginn og jafnvel setja í hann hita. Það væri ekki í of mikið lagt.
 - Heiðar Ingi úr hverfisráði: Þetta er kjörið verkefni til að koma inn í kosningu. Fá fólk til að kjósa það.
- Stór en einföld hugmynd: Vönduð hjólastæði við allar opinberar byggingar. Engin slík stæði eru við Laugardalshöll eða Laugardalsvöll. Regla frekar en undantekning að hjólastæði vanti.

Hilmar (18:50)

- Segir frá verkefnahópum:

- Verkefnahópur hverfisins verður þriggja manna hópur sem býður sig fram á fundinum sem á að fóstta verkefni hverfisins. Hópurinn heldur utan um hugmyndir að verkefnum í hverfinu, þroskar þær og kallar eftir frekari upplýsingum ef þarf. Starfsmaður þjónustumiðstöðvar mun halda utan um hópinn. Hópurinn fundar ef þarf. Eftir mánuð verður aftur íbúafundur þar sem verkefnishópurinn kynnir hugmyndir sem unnið hefur verið með. Íbúar geta komið fram með athugasemdir. Þetta er gert til að styrkja það að hugmyndir íbúanna séu framkvæmdar eins og þeir höfðu hugsað sér og í samráði við þá. Rafrænar kosningar um verkefni í hverfum fara fram 14.-19. mars nk.
- Betri hverfi vefurinn á samráðsvefnum Betri Reykjavík verður opinn fyrir innskráningu verkefna til 15. febrúar. Þar er hægt að ræða hugmyndir og gefa þeim vægi til 1. mars. 1.-7. mars stillir hverfisráð upp hugmyndum fyrir kosningu. Hverfisráðið á að tryggja að verkefnin dreifist um allt hverfið og séu sem fjölbreyttastar.
- Hilmar Magnússon fær Helgu Björg Ragnarsdóttur, skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til að draga þrjá aðila í hópinn (kynjasjónarmiðið er gætt)
 - Spurt er hvort dregnir verði varamenn. Svar: hverfisráð getur skipað ef þarf.
 -
 - Fulltrúar íbúa í hópnum verða:
 - Ásbjörn Ólafsson (farinn)
 - Morten Lange
 - Lilja Óskarsdóttir